

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

FEBRÚAR 2015

2. tbl. 22. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Hólagarði og Arnarbakka



Ánægðir þátttakendur á námskeiðinu "Finndu þinn X-Factor" sem Rúna Magnús hélt nýlega í Gerðubergi. Námskeiðið var haldið í tengslum við Menntun núna verkefnið fyrir konur af erlendum uppruna. Nánar er sagt frá námskeiðinu á bls. 5.

BLÓMVÖNDUR MÁNADARINS
2.900KR



GARÐHEIMAR



PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

Nýr netbanki sem er mótaður af viðskiptavinum sínum

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Allt fyrir sprengidaginn

Okkar frábæra Saltkjöt
verð frá 695 kr./kg.

Gulrætur 500 gr.
198 kr./pokinn.

Svínakjöt
á tilboði

Rófur
298 kr./kg.

Coke Zero - 2 lítra
2 fyrir 1



Pín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

2. tbl. 22. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



89% íbúa ánægðir með hverfið sitt

Ánægja íbúa Reykjavíkur með þjónustu borgarinnar og umhverfi var könnuð undir lok síðasta árs og liggja niðurstöður nú fyrir. Annars vegar var gerð viðhorfskönnun á þjónustu sveitarfélagsins í heild og hins vegar þjónustu í hverfum borgarinnar. Með skiptingu könnunarinnar eftir hverfum verður hægara um vik að bæta þjónustuna. Almennt séð voru svarendur ánægðari með þjónustu í sínu hverfi en Reykjavík í heild. Íbúar í Vesturbæ og Laugardal eru á pari við ánægju íbúa þeirra sveitarfélaga sem skoruðu hæst í heildarkönnun. 57% Reykvíkinga eru ánægðir með þjónustu borgarinnar á heildina litið og hefur hlutfall ánægðra hækkað um 10 prósentustig frá árinu 2010.



Samið um þjónustu við atvinnuleitendur

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnun hafa undirritað samstarfssamning um þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur sem fá fjárhagsaðstoð frá borginni. Samningurinn nær til framhaldsverkefnis um Atvinnutorg og Stíg þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf og stuðning við atvinnuleitendur án bótaréttar sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg.

Markmið samstarfssamningsins er að styrkja einstaklinga í atvinnuleit og fækka þeim sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Leitast er við að virkja atvinnuleitendur og veita þeim aðstoð sem ýmist hafa klárað bótarétt sinn eða hafa af einhverjum ástæðum ekki áunnið sér þann rétt. Reykjavíkurborg mun samkvæmt samningnum greiða Vinnumálastofnun 25 milljónir króna árlega á gildistíma samningsins, sem er tvö ár. Fjárhæðin samsvarar þremur stöðugildum ráðgjafa ásamt meðfylgjandi rekstrarkostnaði. Myndin er af Gissuri Péturssyni forsetjóra Vinnumálastofnunar og Stefán Eiríkssyni sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg undirrita samkomulagið.

Styrkir til skóla- og frístundastarfs í borginni

Skóla- og frístundaráð hefur afgreitt styrki til 43 verkefna fyrir tæplega 22 milljónir króna. Veittir eru almennir styrkir annars vegar og hins vegar þróunarstyrkir til starfsstaða skóla- og frístundasviðs. Alls bárust 30 umsóknir um almenna styrki og fengu 10 verkefni styrk fyrir alls um 2,8 milljónir króna. Hæstu styrkina fengu Marion Bronchet 600 þúsund krónur vegna verkefnisins Segðu mér sögu og Ríthöfundasamband Íslands 500 þúsund krónur fyrir verkefnið Skáld í skólum. 73 umsóknir bárust vegna þróunar- og nýbreytniverkefna í skóla- og

frístundastarfi og fengu 33 þeirra styrk. Sérstaklega var óskað eftir umsóknum vegna samstarfsverkefna með áherslu á verk-, tækni- og listgreinar, móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna, frístundastarfi fyrir alla og lestrarfærni og lesskilning.



Áfram frítt í sund og bókasöfn

Tillaga um að sundferðir og bókasafnsskírteini verði áfram gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík árið 2015 var samþykkt á fundi velferðarráðs í lok árs. Einstaklingur getur sótt um sundkort og bókasafnsskírteini á þjónustumiðstöð í sínu hverfi. Þegar þjónustufulltrúi hefur samþykkt beiðni getur umsækjandi valið í hvaða sundlaug hann sækir sundkort og í hvaða útibúi Borgabókasafnsins hann vill sækja bókasafnsskírteinið. Kostnaðarmat gerir ráð fyrir um 5,6 m.kr. kostnaði Reykjavíkurborgar á árinu 2015 og er það miðað við fjölda sundferða og bókasafnsskírteina undanfarin ár að teknu tilliti til verðlagshækkana.

Margvísleg stgarfsemi sem einkennir Breiðholtið öðrum byggðum fremur hefur einnig fundið sér samastað í Gerðubergi. Má þar nefna aðlögun fólks aðfluttu úr fjarlægð og úr öðrum menningarheimum og átakið Menntun núna á sér þar samastað innan veggja Gerðubergs auk margs annars.

Kaffihús hefur lengi verið starfrækt í Gerðubergi en aldrei náð sér á strik sem skyldi. Engin ein skýring er á því hvað hefur valdið og nokkurrar furðu gætir þar sem í Gerðubergi hefur löngum verið eina kaffihúsið í 21 þúsund manna byggðarlagi. Nú hefur verið hannað nýtt kaffihús í bókstaflegri merkingu. Kaffihús með beinni tengingu við bókasafnið og sýningar- og viðburðarsali hússins.

Þótt matur verði í boði á hádeginu verður einkum um hefðbundið evrópskt kaffihús að ræða þar sem fólk getur tyllt sér niður af hinum ýmsu tilefnum. Hvort sem er komið til þess að skila bók, líta á sýningar eða bara til þess að leita sér félagsskapar og annarrar ánægju. Hvort sem um er að ræða ungt fólk á námsbrautum, heldri borgara sem farnir eru að draga sig frá hinu mesta amstri vegna daglegra starfa og allt þar á milli á fullt erindi í nýja kaffihúsið. Breiðholtsbúar mega verið stoltir af Menningarhúsinu sínu Gerðubergi og eiga ekki að láta það framhjá sér fara.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



www.breiðholt.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd
í sama húsi og Íslandsbanki.
Einnig í Mjódd



Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Betri hverfi 2015

Rafrænar hverfiskosningar
17. – 24. febrúar

Breiðholt



Hvað vilt þú
í þínu hverfi?

kjosa.betrireykjavik.is

Listi verkefna í Breiðholti

1. Lagfæring á völdum stígum og opnum svæðum í Seljahverfi. Verð 10 mkr.
2. Setja gúmmímottur á valin opin leiksvæði í Breiðholti. Verð 10 mkr.
3. Fjölga ruslastömpum í Breiðholti. Verð 1 mkr.
4. Lagfæra stíginn á milli Fella- og Hólahverfis (framhá Gerðubergi). Verð 1 mkr.
5. Bæta setaðstöðu við tjörnna í Seljahverfi, setja borðbekki og fegra svæðið. Verð 2,5 mkr.
6. Lagfæra valda fót- og körfuboltavelli í Bökkunum. Verð 6 mkr.
7. Fegra borgarland umhverfis Mjóddina. Verð 3 mkr.
8. Setja hjólagrindur við valda leikvelli í hverfinu. Verð 1 mkr.
9. Lagfæra krappa beygju á göngustíg á horni Núpabakka og Arnarbakka. Verð 500 þús kr.
10. Setja upp frísbíggölvöll í dalinn fyrir neðan Ölduselsskóla. Verð 3,5 mkr.
11. Leggja gangstétt frá Stekkjarbaka og meðfram Olís Álfabakka. Verð 4 mkr.
12. Gera hjólabrettaramp vestan við Írabakka 34. Verð 6 mkr.
13. Malbikaður og upplýstur göngustígur meðfram Blöndubakka að Arnarbakka. Verð 5.5 mkr.
14. Setja upp ungbarnarólur á valda leikvelli í Breiðholti. Verð 1 mkr.
15. Framlengja göngustíg frá Fella og Hólakirkju í átt að inngangi að Gerðubergi. Verð 3 mkr.
16. Gróðursetja tré og lagfæra borgarlandið við hliðina á lóðinni á Hólabergi 84. Verð 1 mkr.
17. Bæta aðstöðu á opna leiksvæðinu við Tungusel 10 og setja þar bekk, borð og gróður. Verð 4 mkr.
18. Setja upp skilti við upphaf gönguleiðar við skóglendið í norðurenda Breiðholtshvarfs. Verð 1 mkr.
19. Gróðursetja stofntré á milli bílastæða og götu við Skógarsel til móts við Strandasel. Verð 1 mkr.
20. Minigölvöll á opnu svæði miðsvæðis í Bökkunum. Verð 5 mkr.

Notaðu rafrænu skilríkin þín eða íslykilinn til að kjósa
Tökum öll þátt – 16 ára og eldri hafa rétt til þátttöku



VIÐTALIÐ

Byggingarsaga úr Breiðholtinu

Að þessu sinni fer Breiðholtsblaðið um fjóra áratugi aftur í tímann. Á fyrstu ár áttunda áratugarins. Bakkarnir eru nánast byggðir og Fella- og Hólahverfin eru óðum að taka á sig mynd. Vestan Breiðholtsbrautarinnar eru enn móar og mýrar en búið að ákveða að þar risi nýr Breiðholtshluti nokkuð öðruvísi en hin hverfin tvö Breiðholt 1 og Breiðholt 3. Í þessu nýja hverfi sem fékk vinnuheitið Breiðholt 2 en hefur lengst af verið nefnt Seljahverfi er meira um raðhúsabyggð og sérbýli en í hinum byggðunum tveimur og skipulagið einkenndist nokkuð af þéttari bygg en áður hafði sést í sérbýlahverfum í borginni. Fyrsta fólkið til þess að reisa sér hús í Seljahverfi voru hjónin Hrefna Ásmundsdóttir og Gissur Þorvaldsson. Þau tóku fyrstu skóflustunguna að húsi sínu og raunar þessu nýja hverfi á haustdögum 1973. Þau spjalla við Breiðholtsblaðið að þessu sinni og ríffa upp þegar friðsælir móar með fuglasöng á vorin urðu að einni af eftirsóttari byggðum borgarinnar.



Hrefna Ásmundsdóttir og Gissur Þorvaldsson. Myndin er tekin í nýju en óopnuðu kaffihúsi í Gerðuberg þar sem viðtalið var tekið. Þau eru því líklega fyrstu gestir þar rétt eins og fyrstu íbúarnir í Seljahverfinu á sínum tíma.

eins víða og maður gat til að sýna viðskipti og fór svo til að biðja um lán.“

Dagamunur á verðlagi

„Á þessum árum var mikil verðbólga sem átti þó eftir að vaxa enn meira. Maður varð að reyna að kaupa allt jafn óðum vegna þess að nánast var dagamunur á verðlagi og gildi það um byggingaefni eins og annað. Þegar ný sending kom í verslanir voru vörurnar alltaf dýrari vegna verðbólgunnar. Það þýddi heldur ekkert að leggja fyrir og eiga peninga í banka. Þeir brunnu jafn hratt upp og vöruverðið hljóp í hina áttina. En verðbólgan hafði tvær hliðar á þessum tíma. Þetta var fyrir daga verðtryggingarinnar og virði lánanna lækkaði stöðugt. Maður greiddi aldrei nema hluta þeirra til baka. Það er til efs að yngra fólk skylji almennilega hvernig þetta var. Það þarf

að hafa reynt þetta til þess að átta sig á hvernig verðbólgan virkaði.“

Sérstakt að standa í miðjum mó

„Við komum úr Hlíðunum. Úr Blönduhlíðinni. Þjuggum þar í kjallaraíbúð og komin með fjögur börn. Fjölskyldan var farin að kalla eftir meira plássi. Því var ekkert annað en þrengli sem ýttu okkur út í að byggja. Lengi hafði verið erfitt að fá lóðir í Reykjavík. Borgin hafði ekki annað eftirspurn eftir byggingalóðum en með tilkomu Breiðholtsins breyttist það verulega. Fjöldi lóða varð til á skömmum tíma og líklega hefur aldrei orðið önnur eins breyting enda var bygging Breiðholtsins hugsuð sem átak til þess að draga úr húsnæðisvanda í borginni. Við komum úr grónu umhverfi í Hlíðunum og því var dálítið sérstakt að standa í miðjum mó með skóflu í hendi og ætla að reisa sér heimili.“

Hitaveitan lak og lak

„Húsið okkar stendur við Akrasel sem er fyrsta einbýlishúsaganan sem byggð var í Seljunum. Þegar við komum var engin byggð þar nema Alaska niður undir Suðurmjóddinni. Borgin var reyndar búin að láta ganga frá götum og búið að leggja rafstrengi. Kalda vatnið var komið þegar við byrjuðum að byggja en það urðu vandræði með hitaveituna. Rörin fyrir heitavatnið voru soðin svo illa saman að vatnið lak út um allt. Það varð að grafa hver samskeitin upp eftir önnur og sjóða upp á nýtt. Þetta var fyrir tíma Orkuveitunnar og hver veita gróf sínar holur og skurði. Þær gátu ekki unnið saman og Síminn kom svo síðast eða vorið eftir.“

Eins og útilegumenn í efra

„Við vorum næstum eins og útilegumenn þarna efra og eina

öryggið sem við höfðum var að oft stóð lögreglubíll niður undir Alaska eða að þeir voru að keyra þarna um. Því hefði verið hægt að veifa í þá ef eitthvað hefði komið fyrir og það var ákveðið öryggi að vita af þeim. Annars var minna um þjófnæði en síðar varð en við urðum þó eitt sinn fyrir barðinu á slíku. Keypt hafði verið rafmagnssög af ungum manni eftir auglýsingu í blaði. Ekkert óeðlilegt við það en eftir á að hyggja kom í hugann að maðurinn hefði ef til vill ekki verið nægilega trúverðugur. Hann var ræðinn og spurði hvar við værum að byggja. Við töldum það ekkert leyndarmál og ekkert óeðlilegt við að nefna staðinn sem við hefðum ekki átt að gera vegna þess sem síðan gerðist. Daginn eftir var búið að sprengja bílkúrinn upp og þegar betur var að gáð var sögin góða horfin. Ekkert annað hafði verið tekið. Til dæmis var búið að kaupa allt efnið til pípulagna í húsið. Öll rör, hné, té, fittinga og annað sem því tilheyrir en engu af því var rótað. Maðurinn hafði greinilega farið beint upp eftir og náð í sögina trúlega til þess að selja hana aftur. Kannski hefur hann náð að selja hana nokkrum sinnum en við sáum þennan grip aldrei aftur.“

Negldum fyrir gluggana

„Við fluttum inn í júlí þótt enn væri mikið eftir að vinna í húsinu. Þetta var mjög algengt á þessum tíma. Þetta var svona hellisbúskapur í byrjun en smám saman tókst að ljúka framkvæmdunum. Þegar við vorum að byggja var sú kvöð á að ekki mátti nýta þann hluta neðrihæða þar sem grafa þurfti út. Húsbyggingendum var uppálagt að fylla þann hluta grunnins aftur. Menn fóru alla vega í kringum þetta. Við föluðumst eftir því að fá að byggja kjallarann en einhver karl hjá byggingafulltrúa sem virtist ráða öllu var ekki til viðræðu um það. Bara að fylla þetta aftur upp. Ekkert annað gat komið til greina.

Við vorum með glugga á neðri hæðinni en negldum rækilega fyrir þá sem voru á þeim hluta sem ekki mátti vera til – til þess að fela þá fyrir eftirlitsmanni borgarinnar. Þetta voru fáránleg vinnubrögð af hálfu byggingarfulltrúa. Að grafa fyrst út og fylla rýmið síðan upp aftur. Maður skyldi þetta ekki. Við fylltum aldeit neitt upp og fengum tvö herbergi baka til á neðri hæðinni sem kom sér vel fyrir krakkana þegar þau stækkuðu. Eins var með innganginn. Við vildum í upphafi hafa útitröppur og innganginn inn á efri hæðina. En það mátti nú aldeilis ekki. Innangurinn varð að vera á jarðhæðina og tröppurnar að vera inni.“

Karlinn var ískaldur upp á þaki

„Eitt og annað gerðist þarna eftirminnlegt. Eitt af því var þegar hjálparmaður byggingameistarans var að vinna upp þaki og vindhviða fleykti stiganum sem hann hafði notað til þess að komast upp um koll. Karlinn var einn að vinna efra og engin leið fyrir hann að komast niður. Hann stóð einn á plötunni hálf ósjálfbjarga og greip til þess ráðs að veifa vegfarendum. Þeir tóku honum vel. Veifuðu á móti og hafa eflaust hugsað um hversu glaðlegur maður væri að vinna þarna á þakinu við Akraselið. En engum kom til hugar að kanna hvort hann ætti eitthvert erindi við vegfarendurna og allra síst að hann væri strandaglópur á þakinu. Hann var að drepast úr kulda og hefur eflaust verið farinn að berja sér til hita en engum fannst neitt athugavert við háttalag hans.“

Kennarinn tók barnið upp í

„Þegar við fluttum inn átti næstelsta barnið að byrja í skóla. Og þá kom vandamál. Enginn skóli var í Seljahverfi og heldur ekkert annað barn í hverfinu. Breiðholtsskóli og Fellaskóli voru komnir og rætt var um í hvorn skólann barni gæti farið. Að endingu varð Fellaskóli fyrir valinu. En þá kom annar vandi upp. Breiðholtsbrautin sem liggur upp í gegnum Breiðholtið og skilur Seljahverfið frá öðrum hlutum þess var komin og talsverð umferð var um hana. Ekkert vit var því í að senda sex ára gamalt barn gangandi úr Akraselinu upp í Fellaskóla. Við voru aðeins með einn bíl og því ekki til umræðu að keyra barnið. Málið leystist þó óvænt en farsæleglega. Bekkjarkennarinn átti heima niður í Safamýri og ók uppeftir á morgnana. Því var hægt að hlaupta út fyrir húshornið með barnið og hún tók barnið með sér í bílinn. Vinkona okkar sem bjó í stóru blokkinni efra átti barn í sama bekk og tók hann með sér heim og við sóttum hann svo uppeftir eftir vinnu. Veturinn eftir voru skúrarnir við Ölduselið svo komnir sem áttu eftir að verða að Ölduselsskóla og þá var þetta vandamál leyst.“

Hefðum átt að setja upp byggingavörubúð

„En svo fór að fjölga í kringum okkur. Akraselið byggðist nokkuð fljótt. Fyrst um sinn voru þó ekkert nema grunnar. Flestir voru að berjast sjálfir í að byggja. Fólk

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Gissur ásamt tveimur dætrum þeirra Hrefnu með spaðann að taka fyrstu skóflustunguna við Akraselið í september 1973.

vann jafnvel dag og nótt en strax á næst ári var farið að flytja inn. Fjórum til fimm árum síðar var flutt í flest húsin við götuna. Við höfum stundum rætt svona að gamni að það hefði geta verið sniðugt að setja upp smá byggingavöruverslun á meðan þetta gekk yfir. Þá sem voru að vinna vanhagaði oft um eitt og annað ekki síst smávöruna. Oft voru líka menn að vinna þarna sem voru keyrðir upp eftir á morgnana og áttu bara að vinna yfir daginn. Höfðu ekki tök á að skreppa niður í bæ eftir smáhlutum.“

Og svo kom gróðurinn upp

„Fyrst í stað voru bara móar að frátöldum moldarhaugunum sem spruttu upp úr húsgrunnum. Það var líka mikið um hagamýs. Þær voru spakar enda óvanar ófriði af manna völdum. Maður vaknaði við fuglasöng á morgnana. Að því leytinu var þetta eins og að vera út í sveit. Svo fóru menn að huga að umhverfinu – lóðunum í kringum húsin því ekki gátu moldarhaugarnir staðið um aldur og æfi. Ekki hafði verið spáð vel fyrir gróðursæld á þessum slóðum. Byggðin var talin liggja of hátt yfir sjávarmáli til þess að trjágróður myndi vaxa og dafna. Menn lögðu nú misjafnan trúnað á þessar hrakspár og fóru og jafna lóðirnar og planta. Við tókum höndum saman við nágranna okkar og létum skipuleggja lóðirnar í sameiningu. Aldrei voru reist nein grindverk eða girðingar á lóðamörkum þannig að þær urðu

eins og samstæð heild. Þetta kom sér ágætlega fyrir krakkana sem voru flest á líkum aldri og léku sér meira og minna saman. Við urðum fljótt vör við mikinn hug í fólki að ganga vel frá umhverfinu og sumir létu ýmis verk innan dyra bíða á meðan verið var að breyta moldarhaugunum í grösuga garða. Menn vildu kollvarpa þeim ranghugmyndum sem haldið var að fólki um gróðursældina. Hverfið tók því fljótt á sig grænan gróðurlit og tréin að teygja sig upp úr moldinni öfugt við það sem úrtöluraddirnar höfðu spáð. Akraselið fékk meira að segja eitt sinn verðlaun fyrir fallega og vel gjörða garða.“

Engin verslun til að byrja með

„Auðvita var enginn verslun í Seljahverfi til að byrja með og því þurfti að sækja allar nauðsynjar um lengri veg. Engin verslun kom fyrir en þín verslun opnaði við Seljabrautina og í raun er

hún enn þann dag í dag eina alla vega stóra matvöruverslunin í hverfinu. Það var kominn verslanakjarni í Bökkunum og Straumnes kom síðan í Efra Breiðholtið. Fyrsti vísirinn að Mjóddinni kom að okkur minnir 1976 en sá verslanakjarni átti sér langa þróunarsögu. Við sóttum ásamt kunningjafólki um lóð í Mjóddinni þegar hún var að byggjast og fengum. Eftir það hafði Baldvin Tryggvason sem var sparisjóðsstjóri SPRON samband við okkur því til stóð að SPRON opnaði útibú eða starfstöð fyrir Breiðhyltinga enda í samkeppni við bankana sem voru að koma sér þar fyrir. Hann hafði áhuga á þessari lóð og samningar urðu um að SPRON tæki að sér að byggja húsið. Við fengum þarna tvær fokheldar hæðir sem við seldum síðan - eflaust fyrir of lágt verð.“

Örskammt frá Seljahverfinu

„Árið 1996 ákváðum við að selja húsið við Akraselið. Þá voru börnin komin upp og farin að stofna sín eigin heimili. Húsið var byggt til þess að losa stóra fjölskyldu úr þrengslum og auðvitað var það of stórt þegar við vorum tvö eftir. Við vorum ekki búin að finna okkur annað húsnaði þegar við seldum og vildum hafa nokkurn tíma til þess. Við bjuggum í um eitt ár í íbúð við Ugluhóla sem sonur okkar sem er byggingameistari hafi tekið upp í aðra sölu og á meðan vorum við að litast um. Endirinn var sá að við fórum aftur byggingastigið ef svo má segja því við keyptum fokhelt hús við Kópalandina. Það má segja að við höfum byrjað aftur á sama reit þótt það væri ekki alveg ofan í grunninum. Við fluttum þangað 1997 en getum ekki sagt að við höfum verið frumbyggjar. Þarna voru fleiri hús að rísa á sama tíma en við horfðum engu að síður á þá byggð vaxa upp. Hvað réð því við fórum yfir í Kópavoginn

er góð spurning. Húsið hentaði okkur ágætlega en svo er þetta örskammt frá Seljahverfinu. Varla hægt að segja að um tvær byggðir sé að ræða þótt þær séu ekki í sama bæjarfélaginu. Það

er stutt yfir. Við getum hitt kunningjafólk okkar og notað sömu gönguleiðirnar og við vorum vön að fara,“ segja þau Hrefna og Gissur að lokum.



Rúna Magnús og Mirela Protopapa.

Finndu þinn “X – Factor” fyrir konur af erlendum uppruna

Námskeiðið “Finndu þinn X-Factor” með Rúnu Magnús var haldið nýga í tengslum við Menntun núna verkefnið fyrir konur af erlendum uppruna í Gerðubergi. Blaðamaður Breiðholtsblaðsins leit við á lokadegi þess sl. laugardag.

Þátttakendur voru mjög ánægðar með námskeiðið sem snýr að því að móta sér framtíðarsýn, vinna með styrkleika sína og vinna með sína persónulegu markaðssetningu. Á lokadeginum tóku þátttakendur saman reynslu sína af síðstu tveimur námskeiðisdögum, lýstu sjálfri sér og spreyttu sig á því að búa til sinn eigin kynningartexta eða svokallaða lyfturæðu. Lyfturæða er það þegar þú lýsir eiginleikum þínum og markmiðum fyrir viðskiptavinum, vinnuveitanda eða fjárfesti á 60 sekúndum.

Góð stemming var í hópnum og margir innan hans hafa áhuga á að miðla þekkingu

sinni áfram til annarra kvenna í kringum sig. Í síðasta tímanum var aðferðafræði “mastermind” kynnt fyrir þátttakendum og þeim gafst tækifæri á að eiga sæti í slíkum hópi þar sem markmiðið er að halda áfram að styrkja og styðja við áætlanir og markmið hvernar einnar í hópnum með vikulegum skipulögðum fundum. Kennari og umsjónarkona námskeiðsins, Rúna Magnús og Mirela Protopapa, voru mjög ánægðar með árangurinn af námskeiðinu en markmið þess var ekki síst að styrkja forystukonur úr hópi innflytjenda í borginni en meðal þátttakenda var Marina de Quintanilha e Mendonca formaður Fjölmenningsarráðs borgarinnar og Renata Emilsson Pesková formaður stjórnar Móðurmáls, samtaka um tvítyngi. Það var virkilega gaman að fá að líta við á námskeiðinu en sjálf fór ég þaðan út með drög að lyfturæðu.

AÐENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Tilboð alla helgina!

- Keyptu 5 bollur - fáðu 6.
- Keyptu 10 bollur - fáðu 12.

Sveinsbakarí

Arnarbakka og Hólagarði

Snyrtistofan Arnarbakka

HEF HAFIÐ STÖRF Á

SNYRTISTOFUNNI ARNARBAKKA

Opið alla virka daga frá kl. 10 - 17.

Sími 557-3122

20% afsláttur í febrúar af öllum snyrtimeðferðum!

Vertu velkomin!

Fylgstu með okkur:
facebook.com/snyrtistofanarnarbakka

Sæunn Siggadóttir
Snyrtifræðingur

Arnarbakka 2 - 109 Reykjavík - Sími 557 3122

Skapandi heimskonur bjóða uppá ókeypis leiklistarnámskeið

Söguhringur kvenna býður upp á ókeypis leiklistarnámskeið í Breiðholti í vor í umsjón Helgu Arnalds og Aude Busson. Markmið námskeiðsins er fyrst og fremst að eiga skemmtilegar og skapandi stundir saman.

Þátttakendum verður boðið uppá ýmsar leikrænar æfingar sem miða að því að tala og vinna saman í hópi, treysta og hlusta á hver aðra. Auk þess veitir það þátttakendum æfingu í að tjá sig með öðrum hætti en í daglegu lífi. Unnið verður með myndrænt leikhús, skuggaleikhús og spuna. Í fyrsta hluta námskeiðsins verður farið í að sameina hópinn og opna fyrir möguleika á að tjá sig með öðru en tungumálinu. Líkaminn og

rýmið verða okkar verkfæri til að skapa sögur. Í lok námskeiðsins verður sýning þar sem við kynnum vinnu námskeiðsins.

Námskeiðið fer fram í Borgarbókasafninu Menningarhúsinu Gerðubergi sunnudagana 25. janúar, 8. febrúar, 22. febrúar, 8. mars, laugardaginn 21. mars og endar á sýningu sunnudaginn 29. mars. Námskeiðið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og hefur verið starfandi síðan 2008. Námskeiðið er styrt af menningar – og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og allar konur eru hjartanlega velkomnar.

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is



GÓLF- MOTTUR við innganginn borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreindum
og bleytu

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

Þrjúhundraðasta þrjónakaffið í Gerðubergi

Haldið var upp á þrjúhundraðasta þrjónakaffið í Gerðubergi á Bónadaginn og af því tilefni mættu þátttakendur í lopapeysum auk þess sem boðið var upp á upplestur, gamanmál og tónlist auk veitinga. Þrjónakaffið í Gerðubergi er opið fyrir fólk á öllum aldri alla föstudaga kl. 10 til 12 en þar er einstakt tækifæri til að hitta fólk og spjalla óháð því hvort maður hefur áhuga á þrjónaskap, útsaumi eða einfaldlega góðum félagsskap.

Ágústa Hjálmtýsdóttir var upphafskona þrjónakaffisins en fyrirmyndina fékk hún á Akureyri þegar hún rakst á hóp í þrjónakaffi í búð/kaffihúsi. Í kjölfarið setti hún sig í samband við Guðrúnu Jónsdóttir þáverandi forstöðukonu félagsstarfisins í Gerðubergi og í september 2007 var fyrsta þrjónakaffið haldið. En hvernig hefur gengið? Við höfum aldrei þurft að aflýsa þrjónakaffi, konur úr öllum hverfum borgarinnar eru að mæta sem og úr nágrennasveitarfélögunum Kópavogi og Hafnarfirði. Við deilum uppskriftum og aðstoðum hver aðra segir Ágústa. En hvernig er með karla hafa þeir ekki verið að taka þátt. Ágústa mundi eftir einum karli um þritugt sem kom í kaffið nokkrum sinnum og hafði gaman af en segir að hann hafi ekki sést lengi. Fram kom hjá Ágústu að körlum er velkomið að vera með og ekki ætti að væsa um þá í þessum góða félagsskap en um 60 konur voru í þrjónakaffi nr. 300. Sigurður Guðmundsson var sérstakur gestur þrjónakaffisins að þessu sinni en hann spilaði nokkur þekkt dægurlög fyrir hópinn sem söng með.

SGK



Ágústa Hjálmtýsdóttir upphafskonan að þrjónakaffinu í félagsstarfinu í Gerðubergi.



Sigurður Guðmundsson fyrrum skólastjóri og fararstjóri býr í Fagraberginu og getur því gengið á inniskóm í félagsstarfið í Gerðubergi þar sem hann hefur verið mjög virkur þátttakandi um árabil. Sigurður er reyndar þekktari með gítarinn á góðum stundum en hér tillti hann sér við píanóið og spilaði fyrir gesti 300asta þrjónakaffisins.

Samtal um samfélag í Gerðubergi

Samtal um samfélag, mitt, þitt eða okkar er yfirskriftin á málþingi sem haldið verður í Gerðubergi 20. mars næstkomandi kl. 13:30 til 16:30. Að málþinginu standa Rannsóknastofa í Fjölmenningarfræðum við Háskóla Íslands og Menntun núna verkefnið í Breiðholti.

Markmiðið með málþinginu er að varpa ljósi á umræðu um menningarlegan fjölbreytileika, móttöku innflytjenda, fjölmenningarstarf- og stefnu sveitarfélaga. Aðrir samstarfsaðilar eru Borgarbókasafnið, Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður og Háskólinn á Akureyri. Meðal fyrirlesara verða Þórir Hraundal Jónsson, sem mun fjalla um samfélagslega ábyrgð og fjölmenningarsamfélagið en auk þess verða kynntar niðurstöður rannsókna í fjölmenningarfræðum og fjallað um fjölmenningarstarf í Reykjavík og á Akureyri. Aðstandendur Menntunar núna verkefnisins í Breiðholti eru mjög ánægð að fá tækifæri til að vinna með Rannsóknastofu í Fjölmenningarfræðum að þessu verkefni en það er mikilvægt að tengja saman rannsóknir og praktík með þessum hætti ef við



Mirela Protopapa innflytjendafulltrúi Menntun núna, Gunnar J. Gunnarsson, formaður stjórnar, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Brynja Elísabet Halldórsdóttir stjórnarkonur.

eigum að ná árangri í fjölmenningarstarfinu hér í hverfinu, í Reykjavík og á Íslandi. Málþingið eru öllum opið en nánari upplýsingar

um málþingið og skráningu verða m.a. birtar á heimasíðu Menntunar núna www.menntun-nuna.is er nær dregur.

www.breiðholt.is

Brúarsmiðir funda um móttökuviðtal

Brúarsmiðir vísar til þeirra innflytjenda sem hafa lagt sig fram um að styðja við samlanda sinna við komu þeirra til Íslands bæði í gegnum túlkun og félagsstarf áttahagahópa en ekki síður með því að vera til staðar fyrir fólk þegar mikið liggur við.

Mirela Protopapa brúarsmiður og starfsmaður Menntun núna verkefnisins er ein af þeim fjölmörgu sem gegnt hefur slíku hlutverki gagnvart samlöndum sínum frá Albaníu. Elsa Arnardóttir verkefnastjóri hjá Menntun núna verkefninu hefur unnið að þróun móttökuviðtals sem hefur þau markmið að kanna þarfir innflytjenda fyrir stuðning og ráðgjöf samhliða því að veita nauðsynlegar upplýsingar um þjónustu ríkis og sveitarfélaga við innflytjendur.

Þær Marina, Renata og Vilma hittu Mirelu og Elsu á um daginn en hugmyndin er að þær vinni að aðlögun og þróun móttökuviðtalsins í tengslum við íslenskuennslu Mímis símenntunar í Gerðubergi. Lykilatriði í verkefninu er

að Brúarsmiðir taki viðtölin og þrói þessa aðferð áfram með viðmælendum sínum. Til að byrja með verður unnið með eftirfarandi tungumálahópa: pólsku, spænsku, portúgölsku, albönsku og litháísku en vonir standa til þess að í framtíðinni verði hægt

að vinna og þróa viðtalið áfram gagnvart fleiri hópum.

Brúarsmiðir frá vinstri: Mirela, Renata, Elsa, Marina, Stefanía og Vilma.



MENNTASKÓLI
LISTMENNTASKÓLI
VERKMENNTASKÓLI
FB



Stuðningsfjölskyldur vantar í Breiðholti

Þjónustumiðstöð Breiðholts leitar eftir fólki í Breiðholti sem vill vera stuðningsfjölskyldur. Um er að ræða þjónustu sem er veitt í tilvikum þar sem foreldrar þurfa stuðning vegna sinna barna. Ýmsar aðstæður geta legið þar að baki, svo sem að börnin eru fötluð eða hafa raskanir sem þarf að hlúa meira að en fjölskyldan sjálf getur gert einhliða.

Aðstæður foreldra geta verið erfiðar og þarf fleiri hendur til þess að hugsa um börnin eða að það hafa komið upp erfið veikindi sem setja strík í reikninginn. Þjónusta sem þessi er ákaflega mikilvæg fyrir foreldra sem þurfa þennan stuðning. Sótt er um þjónustuna hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Stuðningsfjölskyldur sem taka að sér að veita þjónustuna taka á móti barni í fyrirfram ákveðinn tíma, t.d. aðra hverja helgi. Um þessar mundir vantar fleiri stuðningsfjölskyldur í Breiðholtið. Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldna geta haft samband við þjónustumiðstöð Breiðholts í síma 4111300.



OPIÐ HÚS Í FB

Fimmtudaginn 26. febrúar

kl. 17:00-19:00

Félagsfræðabraut – Málabraut – Náttúrufræðibraut – Myndlistarbraut
Textílbraut - Fatahönnun – Tölvubraut – Húsasmiðabraut – Rafvirkjabraut
Snyrtibraut – Sjúkraliðabraut – Íþróttabraut – Starfsbraut – Framhaldsskólabraut



**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Breiðholtsskóli tekur þátt í Comeniusarverkefni



Comeniusarnemendur í Breiðholtsskóla.

Nokkrir nemendur í 9. bekk í Breiðholtsskóla taka þátt í verkefninu SLODIC – School libraries: open doors to intercultural competences. Verkefnið hófst haustið 2014 og stendur til loka skólaársins 2015. Nemendurnir sóttu um þátttöku en verkefnið felst í vinnu við að læra og nota ýmis konar forrit við úrvinnslu verkefna. Breiðholtsskóli er þátttakandi í Comeniusarverkefni ásamt skólum frá Danmörku, Tékklandi og Portúgal.


Í þessum verkefnum gefst nokkrum nemendum kostur á að fara til annarra landa og þar kynnst þeir vel síðum og venjum á hverjum stað því þeir dvelja á heimilum. Fyrir hverja heimsókn eru nemendur

í tölvusamskiptum við þá sem taka á móti þeim. Verkefnunum er síðan miðlað á milli landa á vefsíðu verkefnisins <https://slodic.wordpress.com/>. Þessir sömu nemendur tóku á móti erlendu krökkunum sem dvöldu á heimilum þeirra í apríl síðastliðinn. Í október fóru fjórir nemendur úr Breiðholtsskóla til Tékklands og dvöldu eina viku í bænum Humpolec sem er um 100 km. suður af Prag. Það var mjög spennandi að kynnst öðrum nemendum sem voru auk heimamanna frá Portúgal og Danmörku. Allir nemendur tóku þátt í markaðstorgi og kynntu sitt land. Nú í apríl fara svo fjórir nemendur til Herlev í Danmörku og er mikil tilhlökkun fyrir þá ferð.

Alden Hart í Fab Lab

Fab Lab Reykjavík í Eddufelli bauð upp á opna vinnustofu með Alden Hart 20. janúar síðastliðinn. Alden Hart er höfundur og forritari fyrir TinyG hreyfibúnað og Arduino Shield.

Á vinnustofunni flutti Alden Hart erindi um og sýndi síðustu útgáfu af TinyG hreyfibúnaði (TinyG v9 sem er enn í þróun). Að loknum fyrirlestri ræddu þátttakendur við Alden og fengu að prófa TinyG búnaðinn sem m.a. má nota til að stýra vélunum í Fab Lab. TinyG er fjölása hreyfibúnaður sem er hannaður fyrir minni CNC forrit og annan búnað sem þarfnast nákvæmrar hreyfi-stjórnun. TinyG er hannað til að falla vel að smáum/miðlungs vélbúnaði. Sjá nánar á (<https://www.synthetos.com/project/tinyg/>). Opnir tímar í Fab Lab eru á þriðjudögum kl. 13 til 18 og á fimmtudögum kl. 17 til 21 en þá er tækifæri að kíkja í heimsókn, einnig er reglulega boðið upp á vinnustofur og



Alden Hart ræðir við þátttakendur að loknum fyrirlestri í Eddufellinu.

námskeið en tímasetningar verða og á Facebook síðu Fab Lab birtar á www.fablab.is/reykjavik og á Facebook síðu Fab Lab Reykjavík.

Búseti byggir við Árskóga, Keilugranda og víðar

Gert er ráð fyrir að byggðar verði 450 búseturéttaríbúðir í Reykjavík á næstunni. Markmiðið með því er að auka framboð smærri íbúða. Stefnt er að uppbyggingu við Árskóga í Breiðholti, við Keilugranda í Vesturbænum, við Skógarveg og víðar. Gert er ráð fyrir talsverðri fjölbreytni hvað íbúastærð varðar og verða þær allt frá stúdíóíbúðum til allt að sex herbergja fjölskylduíbúða.

Nýlega skrifuðu Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Gísli Örn Bjarnhéðinsson framkvæmdastjóri Búseta undir viljayfirlýsingu þess efnis að Búseti fái byggingarrétt fyrir 226 íbúðir á nokkrum stöðum í borginni. Þetta er til viðbótar við þær 225 íbúðir sem Búseti er með í undirbúningi eða smíðum. Alls er því gert ráð fyrir að um 450 búseturéttaríbúðir verði byggðar í Reykjavík af Búseta á næstu þremur árum. Undirskriftin fór fram við Árskóga í Suður-Mjódd, en þar er gert ráð fyrir að Búseti byggji 50 íbúðir. Auk



Hér má sjá fyrirhugað byggingarsvæði við Árskóga.

þeirra er í viljayfirlýsingunni með fyrirvörum um endanlegt deiliskipulag gert ráð fyrir 60 íbúðum

að Keilugranda 1, 20 íbúðum við Skógarveg 16 og síðan allt að 100 íbúðum á smærri þéttingarreitum.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla

Vaktsími:

581 3300 & 896 8242

www.utforin.is

Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Töskur og seðlaveski í úrvali

Barnaföt - Frozen - Turfles - Hello Kíttý - Spiderman

Skarí og fylgihlufir



Móðjó

Álfabakka 12 • 109 Reykjavík
S: 571 3411



Geðheilsustöðin í Breiðholti hlaut nýsköpunarverðlaunin

Geðheilsustöðin í Breiðholti hlaut nýsköpunarverðlaunin 2015 í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, sem afhent voru á ráðstefnu á Grand hótél föstudaginn, 23. janúar. Verðlaunin voru í dag afhent í fjórða sinn og að þessu sinni voru um 50 verkefni tilnefnd. Verkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem bar sigur úr þýtum nefnist „Geðheilsustöðin í Breiðholti“.

Með Geðheilsustöðinni er ætlunin að veita fullorðnum einstaklingum sem greinst hafa með geðraskanir heildræna þjónustu og draga með því m.a. úr innlögnum á geðsvið Landspítalans. Innan Geðheilsustöðvarinnar starfar þverfaglegur hópur fagfólks sem vinnur eftir batahugmyndafræðinni þar sem notendum er hjálpað til að byggja upp betri sjálfsmynd og öðlast aukna vitund um eigið vald og val í lífinu. Í batastýrðri þjónustu er gjarnan nýtt persónuleg reynsla þeirra sem hafa náð bata af



Verðlaunahafar ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

geðröskunum og hafa fyrrum notendur þjónustunnar orðið liðveitendur. Verkefnið hefur m.a. leitt til þess að innlögnum

frá íbúum í Breiðholti á geðsvið Landspítalans hefur fækkað um 28% frá því að Geðheilsustöðin tók til starfa.

Munum að kjósa í hverfiskosningum

Framundan eru árlegar hverfakosningar í Reykjavík, Betri hverfi 2015, en þær hefjast í næstu viku, þriðjudaginn 17. febrúar og standa yfir til 24. febrúar. Kosið er á milli verkefna í hverfum borgarinnar á slóðinni <https://kjosa.betrireykjavik.is>

Á undanförunum árum hafa fjölmargar góðar hugmyndir íbúa orðið að veruleika í Breiðholtinu en framkvæmt hefur verið fyrir 139 milljónir króna í hverfinu, samkvæmt niðurstöðum kosninga frá 2012-2014. Verkefnið sem framkvæmt hafa verið í hverfinu gagnast íbúum vel enda snúast þau um það að bæta umhverfið - leiksvæði, útivistaraðstöðu, gönguleiðir, umferðaröryggi, gróðursetningu og fleira sem gerir hverfið miklu betra.

Ég hvet íbúa í Breiðholti til að kynna sér hugmyndirnar sem kosið verður um í hverfinu og dreifa þeim sem víðast. Hægt er að sjá hugmyndirnar fyrir Breiðholtið hér: <http://reykjavik.is/betri-hverfi-breidholt>

Það er mikilvægt fyrir íbúalýðræðið í borginni að sem flestir taki þátt í kosningunum



Bjarni Brynjólfsson.

sem nú eru haldnar rafrænt í fjórða sinn. Notast er við Íslykil eða rafræn skilríki til auðkenningar í kosningunum.

Ég vil einnig vekja athygli á því að aldurstakmark í kosningunum er 16 ár. Kosningarnar eru góð æfing fyrir ungt fólk að læra að nýta kosningaréttinn sinn.

Munum að kjósa

*Bjarni Brynjólfsson
Upplýsingastjóri
Reykjavíkurborgar*

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

www.breidholt.is

Arion appið – til að taka stöðuna

Arion appið er alltaf við höndina. Með appinu ert þú bara nokkrar sekúndur að taka stöðuna, millifæra á þekktu viðtakendur, borga reikninga og fylla á GSM Frelsi, svo nokkuð sé nefnt.

Sæktu Arion appið í App Store eða Google Play

Arion hraðþjónusta
– hafðu það eins og þú vilt



Borgarbókasafn og Gerðuberg sameinast:

Nýtt og aukið menningarhlutverk í Breiðholti

Borgarbókasafn Reykjavíkur fékk um áramót nýtt og aukið hlutverk við sameiningu þess við Menningarmiðstöðina Gerðuberg. Meginmarkmið sameiningarinnar er að styrkja hlutverk starfsstaða Borgarbókasafns sem menningarmiður í hverfum borgarinnar með aukinni áherslu á viðburði og fræðslu árið um kring. Borgarbókasafnið er stærsta menningarstofnun Reykjavíkurborgar og þar starfa 110 manns. Áætlað er að 695 þúsund gestir heimsæki safnið á þessu ári sem er um 2.000 manns á degi hverjum. Áhersla er lögð á Borgarbókasafnið sem þriðja staðinn; griðastað í amstri dagsins þar sem hægt er að njóta, læra, taka þátt og styrkja andann. Við dagskrárgerð er einkum horft til barnamenninnar, fjölmenningar og alþýðumenningar. Þessar áherslur endurspeгла vel yfirskrift ársins á menningar- og ferðamálasviði sem er „Fjölbreytt menning í friðsæl borg“.

Undanfarna mánuði hafa staðið yfir miklar endurbætur á efri hæð Gerðubergs. Veitingaaðstaðan hefur verið færð til og opnað hefur verið inn í bókasafnið og sýningarrýmin. Nýr veitingaaðili tekur nú við rekstri á nýju og glæsilegu kaffihúsi sem mun bjóða upp á ljúffengan hádegisverð og huggulegar kaffiveitingar. Segja má að nú sé loksins komið hið eina sanna hverfiskaffi í Breiðholtið og það þarf að gefa því gott nafn. Þeir sem vilja koma með tillögu að nýju heiti á kaffihúsinu eru hvattir til að taka þátt í samkeppni og leggja tillögu sína í rauða póstkassann í anddyri hússins. Í verðlaun er hádegismatur fyrir tvo. En hvaða breytingar munu gestir og notendur Gerðubergs helst verða varir við í framtíðinni. Breiðholtsblaðið hitti þær Guðrúnu Dís Jónatansdóttur deildarstjóra viðburða, fræðslu og miðlunar og Sólveigu G. Arngrímsdóttur safnstjóra á dögnum og forvitnaðist um framtíðina.

Fólk lætur ánægju í ljós

Guðrún Dís: „Viðburða- og sýningarhald verður áfram jafn fjölbreytt og verið hefur. Gestir geta kynnt sér dagskrána í nýja blaðinu okkar sem ber yfirskriftina „Bókaðu daginn“ en það verður gefið út fimm sinnum á ári. Þar er að finna viðburðadagatal, greinar og fróðleiksmola um eitt

og annað sem er á döfinni.“

Sólveig: „Gestir hafa látið í ljós mikla ánægju með breytingarnar hér á efri hæðinni og við finnum að þeir eru strax meðvitaðri um allt sem er í boði í húsinu; koma í bókasafnið, kíkja á sýningarnar og svo bíða allir spenntir eftir að kaffihúsið opni. Við höfum lagt á það mikla áherslu við nýja rekstraraðila að kaffihúsið eigi að vera kaffihús Breiðhyllinga. Hér á að vera hægt að kíkja við í kaffi, hitta vinina, hanga á netinu, skreppa á tónleika og fá sér gott að borða á eftir. Kaffihúsið mun jafnframt sinna þjónustu við þá sem njóta niðurgreiðslu hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.“

Handverks- sagna- heim-speki- og leikhúskaffi

Guðrún Dís: „Við munum halda áfram að skipuleggja viðburði í kaffihúsinu á miðvikudagskvöldum en þetta misserið verður til skiptis handverkskaffi, sagnakaffi, heimspekikaffi og leikhúskaffi. Það síðastnefnda er nýjung sem sett er á laggirnar í samstarfi við Þjóðleikhúsið en spjallað verður um íslensk skáldverk sem sett eru á svið í leikhúsinu. Næst verður fjallað um Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness. Sagnakaffið er líka spennandi en þar munum við fá ungu kynslóðina til að segja sögur og þá gjarnan bæði í tali og tónum og jafnvel með uppistandi.“

Sólveig: Það er mikið líf í húsinu og á síðustu misserum hefur aðsókn aukist mjög að félagsstarfinu en þar er marga skemmtilegt í boði, bæði handverk, hreyfing og samvera ýmis konar. Verkefnið Menntun núna hefur líka farið mjög vel af stað og nú eru að fara í gang íslenskunámskeið, Landnemaskólinn og Fimmtudagsfræðsla þar sem boðið er upp á kynningar af ýmsu tagi. Það er því gaman að sjá hve gestahópur hússins er fjölbreyttur, bæði hvað varðar aldur og uppruna.“

Guðrún Dís: „Við leggjum mikla áherslu á samstarf jafnt innan húss sem utan. Okkur berast nánast daglega beiðnir um ýmskonar samstarf og er það mjög jákvætt að fólk upplifi bókasöfnin sem sinn vettvang, hvort heldur er til fræðslu, viðburða- eða sýningarhalds. Sólveig: Og svo má ekki gleyma að það er líka gott að koma við á bókasafninu án þess að vera í einhverjum sérstökum erindagjörðum. Það er notalegt að



Guðrún Dís Jónatansdóttir deildarstjóri viðburða, fræðslu og miðlunar og Sólveig G. Arngrímsdóttir safnstjóri.



Nýtt og glæsilegt kaffihús verður opnað í Gerðubergi innan nokkurra daga.

kíkja við hvenær sem manni hentar yfir daginn, þó ekki sé nema til annars en að kíkja í blöðin, fá sér kaffibolla og spjalla um daginn og veginn. Við viljum helst að fólk, jafnt ungir sem aldnir upplifi Gerðuberg sem griðastað í erli dagsins. Svo er líka fínt að læra á bókasafninu. Fyrir

þá sem ekki vita er boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir börn í 4. til 10. bekk á bókasafninu á miðvikudögum kl. 14.00 til 15.30. Við köllum þetta „Heilahristing“ og er skipulagt í samstarfi við Rauða krossinn sem sendir hingað sjálfboðaliða sem aðstoða börnin við heimanámið. Það er líka gott að

leita til starfsmanna bókasafnsins þegar vantar heimildir fyrir ritgerðasmíð eða önnur verkefni.“

Tónlistin á sínum stað

Guðrún Dís: „Klassík og Jazz í hádeginu er enn á sínum stað. Ragnheiður Gröndal jazzsöngkona stígur á stökk 13. og 15. febrúar og Hulda Björk Garðarsdóttir sópransöngkona verður ásamt Nínu Margréti Grímsdóttur píanóleikara með klassísk verk eftir Schumann, Brahms og fleiri í lok febrúar. Svo það er um að gera að fylgjast vel með dagskránni, skrá sig á fréttabréfspóstlistann okkar og kíkja á nýju heimasíðuna okkar www.borgarbokasafn.is. Það er svo sannarlega nóg um að vera í þessu fyrsta menningarhúsi Reykvíkinga sem nú er að verða 32 ára. Það hefur þróast í takt við tíðarandann hverju sinni og hefur nú fengið sannkallaða andlitsupplyftingu. Það verður spennandi að fylgjast með þróuninni og vonandi verður Gerðuberg áfram stolt Breiðhyllinga.“



Tónlistin verður á sínum stað og Ragnheiður Gröndal jazzsöngkona mun stíga á stökk 13. og 15. febrúar.



Ungir sækja í bókasafnið og þar er boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir börn í 4. til 10. bekk.

100x

**Þennan
verður þú
að prófa!**



**Coke
& franskar
1499.-**

kjúklinga BORGARI



MJÓDD • GARÐABÆR • FELLSMÚLI • SKÚLAGATA

**aktu
taktu**

Rödd unga fólksins verður að heyrast

Í nóvember samþykkti Hverfisráð í Breiðholti með öllum greiddum atkvæðum að stefna að ríkulegu samstarfi við Ungmennaráð Breiðholts. Síðan þá hef ég verið að velta fyrir mér hvernig við eigum að fara af stað með slíka vinnu. Hvernig er hægt að nálgast og skapa viðræður við ungt fólk á gagnkvæman hátt? Það fyrsta sem mér datt í hug var að sitja við hliðina á fulltrúum Ungmennaráðsins á opnum fundi Íbúasamtaka Breiðholts. Það gekk vel hjá mér, við deildum frétt úr Iphoneinum mínum um stöðu landsliðsins gegn Tékklandi.

Tækifærið birtist loksins með verkefninu Betra hverfi 2015. Betra hverfi er samstarfsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsroðun og íhlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Ég batt miklar vonir við að ungt fólk mundi skila inn nokkrum hugmyndum sem við gætum sett af stað í að framkvæma í samræmi við Ungmennaráðinu. Í október höfst verkefni með þeim hætti að opnuð var vefsíða þar sem íbúar hverfisins sendu inn hugmyndir sínar um hvað þau vildu sjá og gera í hverfinu. Þegar vefgáttinni var lokað vorum hugmyndirnar sendar til fagteymis innan Skipulags- og umhverfissvið hjá Reykjavíkurborg og þá voru hugmyndinar metnar. Hugmyndirnar voru síðan sendar aftur til okkar í ráðinu og við höfðum úr 33 af 75 hugmyndum að velja. Flestar hugmyndir fólust í framkvæmdum tengdum tiltekt, viðhaldi og endurnýjun í hverfunum. Við

kættumst þó við að sjá nokkrar skemmtilegar hugmyndir um nýjungar í hverfunum. Til dæmis, voru tillögur um minigolfvöll, hjólabrettagarð og fleiri frísbíggolfvelli. Uppáhalds hugmyndin mín var frá 10 ára gömlum Breiðhyltingi, sem sendi inn hugmynd um að setja upp hjólagrind við leikvöllina í hverfinu. Ráðið reyndi að vinna með Breiðholt sem heild og við reyndum eftir bestu getu að hugsa vel til allra íbúa óháð aldri, kyni eða þjóðerni.

Fannar Freyr og Snorri Freyr frá ungmennaráðinu

Það sem mér fannst hjálpa okkur við vali á hugmyndum, var að í ráðinu sáttu tveir fulltrúar frá Ungmennaráðinu, Fannar Freyr Eggertsson og Snorri Freyr Vignisson. Þegar við í ráðinu stöldruðum of lengi við einhverja hugmynd snérum við okkur til þeirra og spurðum hvað finnst ykkur? Hvernig haldið þið að ungt fólk mun sjá þetta fyrir sér? Það kom mér óvart var hversu mikið þeir vissu um hverfið, hversu vænt þeim þykir um hverfið og hversu margar hugmyndir þeir höfðu um hvernig við gætum bætt hverfið. Í kjölfar af Betra hverfi verkefninu það ég Fannar og Snorra að aðstoða mig við að skilja betur hvað ungt fólk í hverfinu vil. Ég held að ég geti sagt með hreinni samvisku að fundirnir sem ég átti með þeim Fannari og Snorra voru ánægjulegustu fundir sem ég hef sótt síðan um áramót. Við vorum öll sammála um það að þegar við hugsum um þróun og framtíðarsýn fyrir hverfið ætti rödd unga fólksins að eiga heima í umræðunni. Ég þarf að



Fannar Freyr Eggertsson og Snorri Freyr Vignisson. Þeir eru áheyrnafulltrúum frá Ungmennaráðinu. Fannar Freyr er hægri megin, Nichole í miðju og Snorri er til vinstri.

viðurkenna að þegar ég var tvítug ég hafði ekki hugsað um lýðræði, Ungmennaráð og þróun í hverfinu sem mjög “sexy” valkosti lífinu mínu. Í dag get ég ekki hugsa um eitthvað meira “sexy” enn að fá tækifæri til að hafa áhrif og beita rödd í þágu þróunar og leita að leiðum til þess að styðja við fólk í kringum mig.

Okkar rödd hefur lítið gildi

Snorri og Fannar eru heppnir að þeir fatta það núna. Snorri segir að “Oftast er það þannig að fullorðna fólkíð virðist vera að hlusta á okkur en að okkar rödd hefur lítið sem ekkert gildi. Ég upplifði með þessu verkefni að okkar raddir vorir nauðsynlegar í umræðunni, að okkar innsýn var virt og að okkar afstaða skilaði sér í vali á verkefnum til framkvæmdar.” Fannar bætti því við að það er nauðsynlegt að ræða við ungt fólk í hverfinu þar sem framtíðinn sé í þeirra höndum. “Hverfið er farið að yngjast aftur og það er mikilvægt að hugsa til framtíðar og um hluti sem höfði til ungs fólks. Við eigum eftir að upplífa alvöru tækifæri til þess að hafa áhrif.”

Rödd unga fólksins verður að heyrast

Þegar ég spurði hvað og hvernig við ættum að ná betur til ungs fólks í hverfinu sögðu þeir báðir að nauðsynlegt væri að virkja betur kynningar þegar borgin leiti eftir samráði til dæmis með betri virkni á samfélagsmiðlum og kynningar í efri bekknum í Grunnskóla og í Framhaldsskóla. Fannar nefndi að betri tengingu milli mótunar framtíðarsýnar hverfisins og skóla, tenging inni skólastofum gegnum nám mundi ekki eingöngu vekja áhuga hjá ungu fólki heldur mun það einnig búa til tækifæri fyrir ungt fólk að hafa áhrif. Þeir vinna núna hörðum höndum við að gefa út fyrsta blaðið fyrir ungt fólk í Breiðholti. Við í Hverfisráði viljum vinna nær þeim í gerð blaðsins og reyna koma af stað samstarfsamningi. Lokaorðin hjá Fannari og Snorra voru að stökkipallur til virkni meðal ungs fólks er að efla ráð sem eru í félagsmiðstöðvum í hverfinu. Þeir töldu að við verðum að hvetja ungmenni að leggja sínar skoðanir fram þar sem þeirra skoðun hafi jafnt gildi og hjá eldra fólk í hverfinu og að unga fólkíð hafi rétt á jafn

miklu eignarhaldi í hverfinu og fullorðna fólkíð.

Viljum hvetja Breiðhyltinga til að koma með hugmyndir

Nú er hverfisráð ásamt þessum tveimur flottu fulltrúum frá Ungmennaráði búið að skila af sér listanum með 20 hugmyndum sem urðu fyrir valinu og kosid verður um í verkefninu, Betra hverfi 2015. Kosingar munu standa yfir frá og með 17. til 24. febrúar. Verkefnið er mér kært þar sem markmið verkefnisins, eru beinlínis ástæðan fyrir því að ég tók að mér þetta embætti; að virkja lýðræði og auka eignarhaldi íbúa í hverfinu sínu. Þó að við séum afar ánægð að okkar hverfi var sýna flestar innsendar hugmyndir að við viljum hvetja alla íbúa að halda áfram að finna nýjar hugmyndir. Við viljum hvetja Breiðhyltinga að halda áfram að koma hugmyndum sínum á framfæri annað hvort til okkar, í Hverfisráði eða til þeirra í Ungmennaráði. Við hvetjum fólk til þess að hugsa út fyrir kassann. Koma með nýjar hugmyndir sem gætu hugsanlega bætt hverfið okkar. Síðast en ekki síst viljum við hvetja fólk bæði ungt og fullorðna að vera virkt þegar leitað er eftir samráði við íbúa, þar fæðast oft tækifæri til þess að koma hlutum á hreyfingu og í framkvæmd.

Nichole Light Mosty.

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.

Kebab eXpress

Lóuhólar 4,nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Graenir SKÁTAR

– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla

★ www.tattoo.is ★

CLASSIC TATTOO REYKJAVÍK

Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

simi : 7722171

tattoo@tattoo.is

Arnarbaki 2

★

www.breidholt.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Davíð Leví keppir í söngkeppni Samfés

Söngkeppni Breiðholts var haldin með pompi og prakt í Breiðholtsskóla 30. janúar sl. Davíð Leví Didriksen úr félagsmiðstöðinni Hundrad&ellefu vann keppnina og mun keppa fyrir hönd Breiðholtsins í söngkeppni Samfés í Laugardalshöllinni 14. mars 2015. Leví tók lagið Titanum með stórglæsilegum árangri og sló ekki feilnótu. Í öðru sæti lenti Eyrún úr Bakkanum og voru það þau Svava Sól, Óliver, Alex, Sverrir og Antonius úr Hólmaseli sem höfnuðu í þriðja sæti.

Um 200 unglingar horfðu á keppnina í hátíðarsal Breiðholtsskóla. Að keppninni lokinni skemmtu unglingarnir sér konunglega á Breiðholtsballi sem haldið var strax að lokum keppinnar einnig í Breiðholtsskóla. Flott kvöld og enn og aftur fer það ekki á milli mála hversu hæfileikarir unglingar Breiðholtsins eru, enda 13 atriði sem tóku þátt. Næsti stóri viðburður á vegum félagsmiðstöðvanna í Breiðholti verður svo hin glæsilega keppni Breiðholt Got Talent sem verður 13. febrúar þar sem hæfileikar unglinganna halda áfram að láta ljós sitt skína. Eins og alltaf er nóg annað framundan fyrir utan hina hefðbundnu vikudagskrá eins og SAMFÉS hátíðin 13. til 14. mars og Skíðaferð félagsmiðstöðvanna norður á Akureyri 20. til 21. mars.



Davíð Leví umkrýndur eftir sigurinn.

FB-ingar í Vesturför



FB-ingar í Vesturför.

Hópur nemenda úr Fjölbautaskólanum í Breiðholti fór í lok janúar til Winnipeg og Gilmi í Kanada. Ástæðan var sú að þeir sátu áfanga á haustönn þar sem Sigríður Anna Ólafsdóttir íslenskukennari og David Paul enskukennari fræddu þá um Vesturferðir íslendinga í lok 19. aldar.

Í Winnipeg heimsóttu

nemendur Háskólann í Manitoba, skoðuðu hið magnaða Mannréttinda safn og snæddu kvöldverð með Hjálmari ræðismanni og Önnu eiginkonu hans. Í Gilmi gisti hópurinn hjá fjölskyldum sem eiga rætur að rekja til Íslands, sótti söfn, veiddi fiska í gegnum ís á Winnipegvatni og lærði fleira um Vesturferðirnar.

MATUR OG VÍN:

Okkur finnst vel við hæfi að tileinka þáttinn „Matur & vín“ hinum frábæra fiski sem við Íslendingar eigum og bestur er hann á vetrarvertíðinni.

Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur. Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Réttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Keila á Gríska vegu með, perlulauk, fetaost, döðlum og spínati

Réttur þessi fæst tilbúinn hjá Fiskbúðinni Hafinu, hann má fara í ofn á 180 gráðum í um 20 – 25 mín.



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Mamma Piccini Bianco di Toscana – Ítalía , Toskana - 1.550 kr.
Sitrónugult.
Létt fylling, þurrt, ferskt.
Ljós ávöxtur, sítrus, steinefni.

Matua Sauvignon Blanc – Nýja Sjáland - 2.299 kr.
Fólsitrónugult.
Meðalfylling, ósætt, fersk sýra.
Sítrus, stíkslber, passjón.

Nýr frjálsíþróttavöllur ÍR í Mjódd

Byggja á nýjan frjálsíþróttavöll fyrir ÍR í Mjóddinni og verða útboðsgögn undirbúin innan tíðar svo hægt verði að hefja framkvæmdir síðar á árinu. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Margrét Héðinsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar ÍR skrifuðu í dag undir samning vegna framkvæmda við frjálsíþróttavöll í Suður-Mjódd 26. janúar sl.

Uppbygging frjálsíþróttavallarins er hluti af samningi sem

Reykjavíkurborg og ÍR gerðu á nýliðnu ári um skipulagsvinnu og uppbyggingu í Suður-Mjódd. Deiliskipulag fyrir svæðið hefur verið unnið í samvinnu ÍR og borgaryfirvalda og fer það brátt í hefðbundna kynningu. Borgarráð hefur samþykkt að verja 50 milljónum króna af framkvæmdafé ársins 2015 til þessa verkefnis.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Margrét Héðinsdóttir formaður frjálsíþróttadeildar ÍR skrifuðu undir samninginn. Að baki þeim standa Þórgnýr Thoroddsen formaður íþrótt- og tómstundaráðs og Haukur Þór Haraldsson framkvæmdastjóri ÍR.



Leiknismenn léku í annað sinn til úrslita á þremur árum

Leiknismenn komust í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins eftir sigur á KR í vítaspyrnukeppni 5. febrúar. Þeir léku síðan til úrslita við Val síðastliðinn mánudag. Þeim leik lauk hins vegar með sigri Vals 3-0.

Valsarar komust í 2-0 með mörkum Sigurður Egils Lárussonar og Kristins Freys sem skoraði úr víti. Sigurður Egill fékk skömmu seinna sitt annað gula spjald og lauk leik. Agi, skipulag og góð vörn einkenndi Valsliðið í seinni hálfleik og liðið gaf fá færi á sér segir á heimasíðu félagsins. Þetta er í annað sinn sem Leiknir nær að leika í úrslitaleik á þremur árum.

Leikur Leiknis og KR var á hinn bóginn ágætis skemmtun. Bæði lið skoruðu tvö mörk hvort í venjulegum leiktíma. KR ingar voru fyrri til að skora en Hilmar Árni svaraði með frábæru marki. KR ingar komust aftur yfir en aftur svaraði Hilmar Árni nú með marki úr vítaspyrnu á síðstu mínutu leiksins. Bæði lið fengu svo dauðafæri til að klára leikin en útkljá þurfti málin í vítaspyrnukeppni. Allar fjórar spyrnur Leiknis enduðu í markinu en Arnar varði eina spyrnu KR inga og önnur fór í stöng.



Laugarnar í Reykjavík

Fyrir líkama og sál

fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands



Sími: 411 5000 • www.itr.is

Hrafnhild Eir og Anita stjörnur mótsins

Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir var stjarna dagsins þegar ÍR var sigurvegari á Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum áttunda árið í röð. Hún setti glæsilegt nýtt Íslandsmet í 60m hlaupi hljóp á 7.50 sek og bætti gamla metið, sem staðið hafði síðan árið 1996, um 4/100 s. Frábær árangur hjá þessari glæsilegu hlaupakonu en þetta er jafnframt B-lágmark á EM í mars.

Fleiri ÍR-ingar sigruðu sínar greinar. Fyrstur til þess varð Arnar Pétursson í 1500m, þá sigraði María Birkisdóttir sömu grein en reyndar var þrefaldur sigur í 1500m kvenna en Andrea Kolbeinsdóttir varð 2. og Friðla Rún Þórðardóttir 3. Þær María og Andrea bættu sig báðar sem og Arnar í sínu hlaupi. Óðinn Björn Þorsteinsson sigraði í kúluvarpinu og Sindri Lárusson varð 2. Guðni Valur Guðnason var rétt við það að komast á pall í sömu grein. Thelma Lind Kristjánsdóttir varð 2. í kúluvarpi kvenna. Í 60m hlaupi kvenna varð ung og mjög efnileg stúlka úr ÍR Tiana Ósk Whitworth í 3. sæti á nýju stúlknameti í 15 ára flokki, glæsilegur árangur það. Í 60m hlaupi karla varð Tristan Freyr Jónsson í 3. sæti með sinn ársbesta tíma. Enn einn Íslandsmeistaratitillinn féll ÍR-ingum í skaut í stangarstökkinu en þar stökk Krister Blær Jónsson enn og aftur yfir 5 metrana og sigraði með yfirburðum. Dórothea Jóhannesdóttir varð 2. í langstökkinu og Ívar Kristinn Jasonarson 2. í öflugu 400m hlaupi. Anita Hinriksdóttir lauk síðan keppni fyrri dags með frábæru 400m hlaupi þar sem hún sigraði nokkuð örugglega. Anita Hinriksdóttir var stjarna seinni dags þegar hún bætti Íslandsmetið innanhús og Evrópumet unglinga innanhúss í 800m hlaupi þegar hún hljóp á tímanum 2:01,77 mín, glæsileg íþróttakona þar á ferð.



Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir.

Frábær stemmning á Þorrafagnaði ÍR

Fjórði Þorrafagnaður ÍR var haldinn í íþróttahúsi ÍR við Seljaskóla laugardagskvöldið 17. janúar og var fjölmennari en nokkru sinni fyrr. Eftirspurnin eftir miðum var svo mikil að biðröð myndaðist í ÍR-heimilinu þegar opnað var fyrir miðasölu og allir miðar seldust upp á nokkrum klukkustundum.

Rúmlega 700 manns sátu til borðs og gæddu sér á Þorramat og drykk fyrri hluta kvöldins en

þegar líða tók á kvöldið fjölgaði gestum upp í 900. Þorrafagnaður ÍR er orðinn fastur liður í byrjun Þorrar þar sem hverfisbúar koma saman og skemmta sér, hitta mann og annan. Lökendur, leiðtogar, sjálfbóðaliðar og áhugamenn úr öllum deildum ÍR sækja Þorrafagnaðinn sem virkar um leið sem vettvangur til að hittast og leggja á ráðin um alls konar mál sem tengjast ÍR og Breiðholtinu. Skemmtikraftar

koma víða að en fastastæðan er samt alltaf Breiðhyllingurinn Haraldur Reynisson góður og gegn ÍR-ingur sem heldur uppi stemmningunni. Meðal gesta að þessu sinni var borgarstjórinn í Reykjavík Dagur B. Eggertsson og hverfisstjórinn í Breiðholti Óskar Dýrmundur Ólafsson. Það er ljóst að Þorrafagnaður ÍR er orðinn einn af mikilvægustu viðburðum hverfisins sem stuðlar að samtakamætti og hverfisvitund.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Hafþór Harðarson ÍR Íslandsmeistari í keilu 2015

Hafþór Harðarson úr ÍR varð í s.l. viku Íslandsmeistari einstaklinga í keilu árið 2015. Þetta er í fjórða sinn sem Hafþór verður Íslandsmeistari frá árinu 2011, sannarlega öflugur ÍR-ingur þar á ferð en handhafi Ísladsmeistaratílsins í fyrra var einnig ÍR-ingur, Magnús Magnússon.

Keppnin var háð í Keiluhölinni Egilshöll og fór hún fram dagana 29. janúar til 3. febrúar. Í úrslitunum sigraði Hafþór Skagmanninn Skúla Frey Sigurðsson í fyrsta leik með 5 pinnum eða 202 -197 og í öðrum leik með aðeins 3 pinnum 197 - 194 svo að úrslitaviðureignirnar hafa verið virkilega spennandi milli þeirra. Í þriðja sæti varð svo Arnar Sæbergsson úr ÍR. Í kvennaflokki sigraði Ragnheiður Þorgilsdóttir úr KFR ríkjandi meistara Áströsu



Pétursdóttur úr ÍR en fimm leiki þurfti til að fá úrslit þar.

Körfuboltalið ÍR í gríðarlegri baráttu

Körfuboltalið ÍR berst nú fyrir að halda sæti sínu í úrvalsdeild/Dominos deild karla í körfubolta. Að lokinni leikjaröð þar sem ÍR-liðið tapaði trekk í trekk með minnsta mun eða eftir framlingu vann liðið gríðarlega mikilvægan sigur á liði Fjölnis í fallbaráttunni 87-82 á heimavelli.

Í kjölfarið fylgdi tap á útivelli

gegn Tindastóli sem er í öðru sæti deildarinnar. Síðustu fimm leikirnir í mótnu eru því mjög mikilvægir og af þeim eru þrír á heimavelli eða gegn Keflavík og Snæfelli 12. og 26. febrúar og gegn Skallagrími 8. mars. Hvetjum alla Breiðholtsbúa til að fjölmenna á leikina hjá strákunum til að styðja þá í báraáttunni fyrir því að spila áfram meðal þeirra bestu.

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109



Heill heimur af bollum!

ÞESSAR GÖMLU GÓÐU – VATNSDEIGSBOLLUR OG GERBOLLUR

Rjómi, jarðarberjasulta og súkkulaði ofan á • Rjómi, jarðarberjasulta og karamella ofaná • Jarðarberjarjómi, jarðarberjasulta og jarðarberja-súkkulaðispæinir ofan á
Rommrjómi, jarðarberjasulta og flórsykur ofan á • Irish-Coffee-rjómi, jarðarberjasulta og súkkulaði ofan á og orange-súkkulaðispæinir

HÁTÍÐARÚTGÁFUR

Vínarveislubolla: Vínarbrauðsdeig, rjómi, vanillukrem, núggat, sólberjasulta, glassúr og dökkur súkkulaðispæinir ofan á
Lúxusbolla með ávöxtum: Rjómi, jarðarberjasulta, fersk jarðarber, kívi, bláber og súkkulaði ofan á
Berlínarbolla með sultu



Bakarameistarin